

Sykur:

- Sykurvörur sem falla undir reglugerð um sykur og sykurvörur.
- Ávaxtasýkur (frúktósi).
- Annar sykur úr ávöxtum.

B. Meðhöndlun

Heimilt er að:

- hita, kæla, frysta, frostþurrka og þykkja þau hráefni sem hér eru skilgreind að undanskildum sykrinum;
- þurrka engifer eða geyma í sykurlausn;
- meðhöndla apríkósur til framleiðslu á sultu með öðrum þurrkunaraðferðum en frostþurrkun;
- leggja kastaníuhnetur stutta stund í bleyti í lausn af brennisteinsdíoxíði eða söltum þess (E 220-224, E 226-227);
- geyma sítrusbörk í saltþækli.

Viðauki 3

**Hráefni sem aðeins er heimilt að nota
við framleiðslu á tilteknum vörum**

Ávaxtasafi	í sultur
Safi sítrusávaxta	í sultur og sultur í sérflokkum úr afurðum öðrum en sítrusávöxtum
Rauður ávaxtasafi	í sultur og sultur í sérflokkum úr jarðarberjum, hindberjum, garðaberjum, rífsberjum eða plómum
Rauðrófusafi	í sultur og hlaup úr jarðarberjum, hindberjum, garðaberjum, rífsberjum eða plómum
Sítrusolíur	í aldinm auk
Börkur sítrusávaxta og blöð af <i>Pelargonium odoratissimum</i>	í sultur og hlaup úr kveðum
Neysluhæf olía og fita sem froðueyðir	í allar vörur í viðauka 1
Áfengir drykkir, valhnetur, heslihnetur, möndlur, krydd, kryddjurtir, hunang	í allar vörur í viðauka 1
Vanilla	í sultur og hlaup úr eplum, kveðum eða rósaldinum, aldinm auk
Pektín	í allar vörur í viðauka 1

REGLUR

um öryggisráðstafanir við vinnu í lokuðu rými.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um vinnu í lokuðu rými sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Með lokuðu rými er hér átt við rými þar sem hættu getur verið á súrefnisskortri og/eða lofttegundum yfir hættumörkum vegna ófullnægjandi loftræstingar og þar sem aðgengi er erfitt. Dæmi um lokuð rými eru geymar, katlar, dælurými, eldsneytisgeymar, þurrými, lagnastokkar, súrheysgryfjur, loðnuþrær og kjallarar.

2. gr.

Vinna í lokuðu rými.

Þegar vinna þarf í lokuðu rými skal gera nauðsynlegar öryggisráðstafanir og vinnan skipulögð, undirbúin og framkvæmd þannig að hún ógni ekki öryggi og heilsu starfsmanna. Sérstaklega skal gæta varúðar við eftirfarandi:

- * Málmsuðu og logskurð.
- * Málningarvinnu með efnum sem innihalda leysiefni.
- * Vinnu þar sem notuð eru eldsneytisdrifin verkfæri.
- * Vinnu í rými þar sem hættulegt magn heilsuspillandi, eld- og sprengifimra efna af ólíkum uppruna er til staðar.
- * Vinnu í þróm, geymum, gryfjum, djúpum brunnnum og kjöllum þar sem hættulegt gas getur myndast og rutt burt súrefni.
- * Vinnu við sandblástur og þar sem mikið ryk myndast.
- * Vinnu við hreinsun með hættulegum efnum.
- * Vinnu þar sem hlutfall súrefnis er of lágt eða of hátt.

Áður en vinna hefst í lokuðu rými skal leggja mat á þá hættu sem fyrir hendi er. Nauðsynlegar upplýsingar skulu liggja fyrir um þau efni og mengun sem til staðar er. Mæla skal hlutfall súrefnis og skal það vera á bilinu 20-21%. Ekki má hefja vinnu í lokuðu rými þar sem hlutfall súrefnis er lægra en 20% nema með því að nota fullnægjandi ferskloftsbúnað. Sé hlutfall súrefnis hærra en 21% má ekki hefja vinnu þar jafnvel með ferskloftsbúnaði því að auðveldlega getur þá kviknað í hári, fatnaði og öðrum brennanlegum efnum.

Þar sem eldfim efni hafa verið skal mæla gasinnihald. Loft telst gasfrítt þegar það inniheldur minna en 1% af neðri sprengimörkum hins eldfima efnis. Ekki skal veita heimild til þess að fara inn í geymi eða annað lokað rými nema loft innihaldi minna en 5% af neðri sprengimörkum hins eldfima gass. Séu eldfim gös og varasöm efni til staðar eða hlutfall súrefnis of hátt skal ekki hefja vinnu fyrr en rýmið hefur verið loftræst, hreinsað, mælt og það vottað af ábyrgum aðila.

3. gr.

Takmörkun á aðgangi.

Við upphaf vinnu í lokuðu rými getur þurft að girða svæðið af. Í slíkum tilvikum þarf einnig að setja upp greinilegar varúðarmerkingar og bannskilti með upplýsingum um hættur og bönn. Einnig önnur skilti með nafni verktaka og síma og öðrum upplýsingum sem nauðsynlegar þykja. Brýnt er að halda leiðum að svæðinu opnum. Sé unnið við sprengingar er nauðsynlegt að vera á varðbergi gagnvart hrúni.

4. gr.

Loftræsting.

Áður en vinna hefst í lokuðu rými skal loftræsta það. Loftræsting skal hefjast jafn skjótt og dyr eða mannop eru opnuð. Besta loftræsting næst sé hægt að opna rýmið bæði að ofan

og neðan til. Eftir aðstæðum skal metið hvort nota skuli útsog eða blása inn fersklofti. Sé um eldhættu að ræða skal blásari sem notaður er vera sprengipéttur. Séu gufur eða gas þyngri en loft skal nota útblástur frá gólfi. Ef um er að ræða gufur og gas sem eru léttari en loft skal loftræsta ofan frá. Í þrumuveðri skal sýna sérstaka aðgæslu vegna íkveikjuhættu. Við slíkar aðstæður getur þurft að loka vinnurýminu á meðan. Eftir að vinna hefst skal loftræstingu haldið áfram á meðan unnið er í rýminu. Leiki einhver vafi á loftgæðum eða ef ekki er hægt að tryggja næga loftræstingu skal sjá til þess að allir þeir sem fara inn í rýmið séu með ferskloftsbúnað.

5. gr.

Heimild til vinnu.

Vinnuveitanda ber að sjá til þess að lokað rými sé athugað m.t.t. slysa-hættu og öryggis gagnvart heilsu starfsmanna svo að unnt sé að meta hvort hættulaust sé að vinna þar. Vinnuveitandi eða annar sem hann tilnefnir skal gefa út heimild til vinnu í lokuðu rými.

Heimildin skal bundin eftirfarandi skilyrðum:

- * Rýmið skal hafa verið loftræst og loftræsting tryggð allan tímann sem vinna fer fram.
- * Súrefnis- og gasmælingar skulu framkvæmdar við upphaf vinnu.
- * Nota skal viðeigandi persónuhlífar.
- * Öryggisbelti og lína skal vera fyrir hvern starfsmann.
- Þegar unnið er í geymum skal vera:
 - * Stöðug vakt yfir starfsmönnum og samskiptareglur vaktmanns og annarra starfsmanna ljósar.
 - * Búnaður við mannop til að ná mönnum upp.
 - Þar sem eldhætta er til staðar eru eftirfarandi skilyrði sett:
 - * Brunavarsla skal vera á staðnum.
 - * Reykköfunartæki skulu vera tiltæk og starfsmenn skulu hafa þekkingu á notkun þeirra.
 - * Slökkvitæki skulu vera tiltæk.
 - * Skór skulu vera neistafriir og leiðandi fyrir stöðurafmagn.
 - * Ekki má nota fatnað úr gerviefnum sem myndar stöðurafmagn við núning.
 - * Verkfæri skulu vera viðurkennd og neistafri.
 - * Handljós og færanleg ljós skulu vera sprengiheld.
 - * Leiðandi hlutir skulu vera jarðtengdir og vinnupallar, séu þeir notaðir, jarðtengdir með tveimur taugum þannig að ávallt sé önnur taugin tengd.
 - * Bannað skal að bera á sér eldfæri.
 - * Öll umferð með óbyrgð ljós og reykingar skulu bannaðar innan 20 m fjarlægðar frá vinnusvæðinu.

6. gr.

Hreinsun.

Við hreinsun á geymum og öðru lokuðu rými skal fara eftir þeim öryggiskröfum sem fyrirhuguð vinna í þeim krefst, t.d. ef raf- eða logsjóða á í lokuðu rými eða ef hreinsa á umhverfis vinnustaðinn þannig að þar sé ekki hætta á íkviknun frá eldfimum efnun. Loftræsta þarf rýmið allan tímann sem hreinsun fer fram. Þegar um er að ræða lofttegundir þyngri en loft þarf loftinntak að vera að ofan og útsog að neðan. Nota skal neistafri áhöld, persónuhlífar og ferskloftsgrímur eins og við á. Sérstaka aðgæslu skal sýna þegar hreinsun er framkvæmd með háþrýstihreinsun og hið lokaða rými inniheldur eldfimar gufur og gös og

rafhleðsla getur myndast í umhverfinu. Skolun skal framkvæmd með gætni. Séu notaðir jektorar við hreinsun skal jarðtengja rýmið.

7. gr.

Gaseyðing og gaseyðingarvottorð.

Ekki má hefja vinnu við hreinsun, viðgerð eða aðra vinnu í geymi þar sem verið hefur eldfimur eða eitraður vökvi eða gas fyrir en gaseyðing hefur farið fram og í kjölfar þess gas- og súrefnismælingar og Vinnueftirlit ríkisins eða aðili sem það viðurkennir gefið út gaseyðingarvottorð. Þó er viðurkenndum eftirlitsaðila við skoðunarstörf eða rannsókn heimilt að fara um vinnusvæðið enda fylgi hann viðeigandi öryggisreglum.

Verði vart við olíu í geymi, t.d. vegna leka frá leiðslum, á meðan vinna stendur yfir svo að ætla megi að olíueimur (gufa) myndist skal þegar stöðva vinnuna og er óheimilt að hefja hana aftur fyrir en nýtt gaseyðingarvottorð hefur verið gefið út af viðurkenndum aðila að undangenginni rannsókn.

Gaseyðingarvottorð skal gefið út af Vinnueftirliti ríkisins eða þeim sem það hefur veitt heimild til slíks. Þeim sem heimilað hefur verið að gefa út slík vottorð skulu hafa nauðsynlega kunnáttu á eðlis- og efnafræðilegum þáttum er varða þau efni sem um er að ræða og þekkja hættu sem af þeim geta stafað. Þá skulu þeir hafa kunnáttu í meðhöndlun þeirra mæla sem notaðir eru og þekkingu á því umhverfi sem unnið er í. Vinnueftirlit ríkisins veitir leyfi til að gefa út gaseyðingarvottorð til 5 ára í senn. Þá skulu þeir mælar sem nota á hljóta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins.

Gaseyðingarvottorð skal gefið út í þríriti. Skal eitt fest upp á áberandi stað við inngang að vinnustaðnum (lokuðu rýminu) og skal það hanga uppi meðan á vinnu stendur. Eitt skal geymt hjá ábyrgðarmanni verksins sbr. 5. gr. og eitt skal sent til Vinnueftirlits ríkisins.

8. gr.

Undanþágur.

Undanþegnir ákvæðum reglna þessara eru slökkviliðsmenn og björgunaraðilar sem öðlast hafa sérþekkingu og þjálfun á því sviði er þeir sinna enda noti þeir nauðsynlegan hlífðarbúnað.

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins með stoð í IV., V. og VI. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 201/1952 um öryggisráðstafanir gegn slysaþættu við vinnu í kötlum, kerum og geymum.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júlí 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.